

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	18.02.20
Málalýkill	00.41
Mál nr.	2002225

Eftirlitsnefnd með
fjármálum sveitarfélaga

EFS

Til sveitarstjórna

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti
Sólvhólsgrötu 7, 150 Reykjavík

Reykjavík 10. febrúar 2020
Tilv.: SRN20010024/4.11.1

Efni: Almennt eftirlit með því að fjármál og fjármálastjórn sveitarfélaga séu í samræmi við lög og reglur. Fjárfesting og eftirlit með framvindu á árinu 2019.

Viðað er í bréf eftirlitsnefndarinnar þann 18. mars 2019 þar sem fjallað var um fjárfestingu og eftirlit með framvindu á árinu 2019.

Í sveitarstjórnarlögum er fjallað um hlutverk eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga. Í 79. gr. laganna segir að nefndin skuli fylgjast með fjármálum, þ.m.t. reikningsskilum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga, og bera þau saman við viðmiðanir samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Jafnframt segir að eftirlitsnefndin skuli hafa almennt eftirlit með því að fjármál og fjármálastjórn sveitarfélaga séu í samræmi við lög og reglur.

Með hliðsjón af hlutverki eftirlitsnefndarinnar ákvað nefndin að taka til umfjöllunar með hvaða hætti sveitarfélög stæðu að eftirliti og framkvæmd fjárfestinga á árinu 2019.

Við fjárhagsáætlunargerð sveitarfélaga liggur fyrir sundurliðuð áætlun um einstök verkefni sem flokkast í reikningsskilum þeirra sem fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum. Vegna þessa óskar eftirlitsnefndin eftir nánari upplýsingum um framgang þessara verkefna með samanburði við fjárhagsáætlun ársins 2019 með viðaukum og kanna hvernig til hefur tekist að fara að ákvæðum 63. gr. sveitarstjórnarlaga um bindandi ákvæði ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins og gerð viðauka.

Óskað er eftir yfirliti um stöðu einstaka verkefna í árslok 2019 (hlutfallsleg staða gagnvart verkáætlun), samanlagðan útlagðan kostnað, gildandi fjárheimild og breytingar á henni á árinu 2019. Jafnframt er óskað eftir mati á stöðu verkefnis, bæði lokið og áætlað ólokið, gagnvart gildandi fjárheimild. Óskað er eftir upplýsingum um verkefni sem unnið var að á árinu 2019, hvort sem þau áttu upphaf á árinu 2019 eða fyrr. Óskað er eftir að yfirlitið sýni framangreinda þætti fyrir hvern ársfjórðung ársins.

Meðfylgjandi bréfi þessu er leiðbeinandi form sem eftirlitsnefndin sendi til sveitarfélaga með tölvupósti þann 4. júlí 2019. Formið er ekki bindandi útfærsla að svari vegna óska nefndarinnar og sett fram sem leiðbeinandi form.

Óskað er eftir að umbeðnar upplýsingar berist eftirlitsnefndinni að lokinni umræðu í sveitarstjórn og eigi síðar en 60 dögum eftir dagsetningu bréfs þessa. Ef spurningar vakna vegna efni bréfsins, hvetur eftirlitsnefndin viðkomandi til að hafa samband við starfsmann nefndarinnar.

Fyrir hönd eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga


Þórir Ólafsson
formaður


Eiríkur Benónýsson

Fjárfestingar - yfirlit 2019

Tímabil: jan - mars

Heiti verkefnis	Ferill Verks				Fjárheimild			Stöðumat	Eftirfylgni		
	Framkvæmd - Breyting á tímabilinu	Staða verks lok tímabils	Upphafleg fjárhagsáætlun verks	Hlutfallsleg staða miðað við áætlun	Fjárheimild - Breyting á tímabilinu	Fjárheimild - Staða lok tímabils	Staða verks í hlutfalli við fjárheimild	Hlutfallsleg verkstaða - Áætluð framkvæmdast- aða	Verk	Fjárheimild	Stöðumat
Verkefni 1	200	1.200	1.800	67%	200	2.000	60%	40%			ATH
Verkefni 2	0	2.000	1.900	105%	0	2.000	100%	95%	ATH		ATH
Verkefni 3	0	5.000	4.000	125%	0	3.000	167%	80%	ATH	ATH	ATH
Samtals		8.200	7.700			7.000			ATH	ATH	

Ferill verks - mæling á framgangi verks miðað við upphaflega fjárhagsáætlun

Framkvæmd - Breyting á tímabilinu - Hver er fjárhæðin sem framkvæmt er fyrir á tímabilinu

Staða verks lok tímabils - Hver er fjárhæðin sem búið er að bóða á verkið í lok tímabilsins

Upphafleg fjárhagsáætlun verks - Hver var upphafleg fjárhæð í fjárhagsáætlun fyrir verkið í heild sinni

Hlutfallsleg staða miðað við áætlun - Útreikningur á raunstöðu verksins í hlutfalli við upphaflega áætlun

Fjárheimild - framgangur verks í samanburði við gildandi fjárheimild

Fjárheimild - Breyting á tímabilinu - Hér er færð fjárhæð viðauka sem gerðir eru á tímabilinu

Fjárheimild - Staða lok tímabils - Hér er fjárhæð fjárheimildar við lok tímabilsins

Staða verks í hlutfalli við fjárheimild - Hér er útreikningur á fjárhæð verksins (staða) í hlutfalli við fjárheimild í lok tímabilsins

Stöðumat - mat verkefnisstjóra á framgangi verksins miðað við framkvæmdastöðu þess

Hlutfallsleg verkstaða - Áætluð framkvæmdastæða - Hver er áætlun fjárhagsleg staða verksins miðað við verklaga stöðu þess að mati verkefnisstjóra. Þrátt fyrir að fjárhagsleg staða sjni t.d. að 90% af verkinu sé lokið, kann t.d. 80% mat á verklægri framkvæmd að leiða fram vanáætlun

Eftirfylgni - sjálfvirkur samanburður sem gefur vísbendingar um að ástæða sé til að skoða einstaka liði nánar

Verk - er ástæða til að skoða betur stöðu verksins gagnvart upphaflegri fjárhagsáætlun

Fjárheimild - er ástæða til að skoða gildandi fjárheimild gagnvart núverandi stöðu verksins

Stöðumat - er ástæða til að skoða fjárheimild með tilliti til stöðumats